

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
12. fundur þriðjudaginn 11. júní 2019 kl. 8.30
Nefndasvið Alþingis

F U N D A R G E R ð

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð. Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson forfallaðist.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt í tölvupósti eftir fund.

2. Umfjöllun um dönsku þingkosningarnar 5. júní 2019.

MKH kynnir glærur um þingkosningarnar í Danmörku 5. júní sl. Þar eru 1.384 kjörstaðir sem eru opnir kl. 8-20. Eftir kjörfund er talið á hverjum kjörstað og niðurstöðurnar sendar dönsku Hagstofunni (d. Danmarks Statistik) með öruggum tölvupósti. Í ár voru niðurstöður kosninganna birtar 4,5 klst. eftir lokun kjörfundar og talin voru samtals 3,5 milljón atkvæði. Daginn eftir kosningar er fíntalning; atkvæði talin aftur í sveitarfélaginu og þá einnig persónuatkvæðin. Allir kjörstaðir opnir 8-20 og ekki er lokað fyrr því atkvæði eru talin í beinu framhaldi af lokun kjörstaða. Minnsti kjörstaðurinn hafði 29 kjósendur á kjörskrá en engin umræða fór fram um persónuvernd eða kosningaleynd vegna þessa. Stærsti kjörstaðurinn hafði 22 þúsund kjósendur á kjörskrá. Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi gildir sama fyrirkomulag; atkvæði talin á kjörstöðunum sjálfum. Rætt um að ef þetta fyrirkomulag yrði tekið upp hér á landi væri ekki þörf á yfirkjörstjórnnum kjördæma. Miðlæga kosningastofnunin gæti tekið á mótum framboðum og auglýst þau. Kærum vegna þeirra væri síðan hægt að beina til úrskurðarnefndar kosningamála.

Rætt um mismunandi kosningamenningu milli landa. Ef þetta fyrirkomulag yrði tekið upp þyrftu reglur um gildi og ógildi atkvæða að vera mjög skýrar. Bent á að taka þarf til skoðunar hvort þörf sé á því að kjörfundur standi hér á landi til kl. 22 þar sem fáir kjósendur kjósa síðasta klukkutímann. Starfsmenn taka til skoðunar hvernig okkar kerfi myndi líta út miðað við danska fyrirkomulagið, sérstaklega í sambandi við stjórnsýslu kosninga.

3. Ákvæði 1.-28. gr. frumvarpsins ásamt skýringum.

Farið yfir 1.-15. gr. heildarlagafrumvarpsins ásamt skýringum.

- Ákveðið að taka til sérstakrar skoðunar hvort takmarka eigi kosningarrétt íslenskra ríkisborgara sem eru búsettir erlendis og þá við hvaða tímamark. Ákveðið að skoða fordæmi erlendis frá. Rætt um frumvarp Pírata um breytingu á þessu ákvæði.
- Ákveðið að samræma og miða kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar einnig við kosningaaldur á kjördag en ekki aldur á kosningaári eins og fyrri vinnuhópur hafði lagt til (ekki hægt að breyta kosningarrétti við alþingiskosningar vegna 33. gr. stjórnarskrár).
- Ákveðið að hreinsa út málsgreinar í 6. gr. sem betur eiga heima í reglugerð (ferli umsókna hjá Þjóðskrá fyrir námsmenn erlendis).
- Ákveðið að samræma kjörgengisákvæði sveitarstjórnarkosninga við alþingiskosningaákvæðið þannig að skilyrðið um maður hafi ekki verið sviptur lögræði fellur brott.
- Rætt um hvort taka eigi út skilyrði 5.-6. tölul. 10. gr. frv. um Reykjavíkurborgardæmin; að þeim verði skipt „frá vestri til austurs í suðurkjördæmi og norðurkjördæmi“.
- Ákvæði 11. gr. frv. lagfærð þannig að skýrt verði að miðað verði við kjörskrárstofn þjóðskrár en ekki íbúaskrá þegar tekin er ákvörðun um mörk Reykjavíkurborgardæma.
- Skýra betur í greinargerð þær breytingar sem gerðar hafa verið á 12. gr. frv. vegna breytinga landskjörstjórnar á fjölda þingsæta í kjölfar alþingiskosninga.
- Sameina málsgreinar um kjördeildir við alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar.
- Aðrar minniháttar breytingar gerðar á úthendi.

4. Önnur mál.

Næsti fundur starfshópsins verður 25. júní nk. Ákveðið að starfshópurinn muni ekki funda í júlímánuði.

Fundi slitið kl. 10.